

Eldistími, steinefnaþarfir og framlegð

Mikill munur er á eldistíma nauta hérlendis og erlendis, þá er átt við nauta af íslensku kyni. Hér fyrir neðan má sjá töflu sem sýnir glögglega þann gríðarstóra mun sem er á eldi hérlendis og erlendis. Daglega þyngingin kemst ekki nærri því sem gerist erlendis, svo ekki sé talað um eldistímann, en eins og sést er meðalaldur íslenskra nauta 25 mánaða við slátrun, en erlendis eru gripirnir að meðaltali 16 og 12 mánaða. Fallþungi íslenskra nauta eftir 25 mánaða eldi er svipað og þeirra erlendra nauta sem aldir hafa verið í 12 mánuðir. Hér sést hversu mikilvægt það er að hafa sterkt eldi á nautunum.

Algengustu inniframleiðslukerfin í Evrópu og Íslandi (naut af mjólkurkúakyni)

	Norður Evrópa Vothey+kjarnfóður	Mið Evrópa Maísheilsæði+kjarnfóður	Suður Evrópa Kjarnfóður <i>ad libitum</i>	Íslenska leiðin
Upphafsaldur (mánuðir)	3	3	3	3
Sláturaldur (mánuðir)	16	16	12	25
<i>Fóður (tonn þurrefni)</i>				
Vothey	2	-	-	4
Kjarnfóður	1	2,2	1,80	0,1
Hálmur	-	0,9	0,15	
<i>Afurðir (kg)</i>				
Upphafspýngd	110	110	110	100
Dagleg þynging	0,95	1,15	1,25	0,60
Lokaþungi	515	550	450	484
Fallþungi	280	300	240	242
Fallhlutfall	54%	55%	53%	50%
Kg fóður/kg fall	10,7	10,3	8,1	16,9

Sterkt eldi á nautum er ekki mikið stundað á Íslandi, mikið er um að bændur ala gripina á heyi sem kýrnar ýta frá sér eða éta ekki, til dæmis á moði. Einnig er afar lítil notkun á kjarnfóðri í nautakjötseldi, þetta er séríslenskt fyrirbæri. Dæmigerð heildarsamsetning fóðurs í nautaeldi hérlendis er 3% mjólk, 5% kjarnfóður og 92% hey. Kjarnfóður minnkar heyát, en eykur heildarátt og þar með vex gripurinn hraðar, það má auðveldlega tvöfalda vaxtarhraðann með kjarnfóðurgjöf og nýting á heyjum verður betri. Ekki má gleyma steinefnagjöf. Steinefnaþörfin ræðst af vaxtarhraðanum, en heygæðin skipta hér miklu máli. Meðalhey fullnægja tæplega fosfór og kalsíum þörfum. Hér að neðan er tafla sem sýnir steinefnaþörf unguneyta.

Steinefnaþarfir unguneyta, grömm á dag

Líf- þungi	Vaxtarhraði, 500 g/dag					Vaxtarhraði, 1000 g/dag				
	100	200	300	400	500	100	200	300	400	500
Ca	15	18	21	26	32	27	30	33	37	40
P	7	10	15	23	35	13	15	20	29	36
Mg	1	4	5	7	9	2	5	6	8	10
Na	2	4	6	8	10	3	5	7	8	10
Cl	3	6	8	11	14	4	6	9	11	14

Hér á eftir má sjá tvær töflur sem sýna hversu mikið það hefur að segja að hafa sterkt eldi á nautunum, þannig fær bóndinn fleiri krónur í vasann. Töflurnar sýna ársframlegð úr geldneytafjósum með íslenskum nautum annarsvegar og Limousin nautum hinsvegar. Eldistíminn er mældur í mánuðum. Gulu merkingarnar sýna hámarks framlegð.

Ársframlegð úr geldneytafjósi íslensk naut

Eldistími	Gripir	Eldi		Mismunur
		veikt _A	sterkt _B	
20	60	921.000	2.520.600	1.599.600
24	50	553.500	2.018.300	1.464.800
	Mismunur	367.500	502.300	

Ársframlegð úr geldneytafjósi Limósín blendingar

Eldistími	Gripir	Eldi		Mismunur
		veikt _A	sterkt _B	
20	60	3.540.000	4.726.200	1.186.200
24	50	4.130.500	5.438.100	1.307.600
	Mismunur	-590.500	-711.900	

Gripir = fjöldi gripa sem er slátrað á ársgrundvelli

Samantekið má segja að með bættum aðbúnaði og aukinni kjötveltu, það er sterkara eldi og lækkuðum sláturaldri, má auðveldlega auka nautakjötsframleiðslu um tugi prósentu hér á landi. Þannig að um slátureldi nauta gildir sú regla að „*kappala gripina á sem skemmstum tíma*“, eins og segir í Búfjárfræði Gunnars Bjarnasonar frá árinu 1966.

Efni er tekið saman úr fyrirlestrum Þórodds Sveinssonar, lektor Landbúnaðaháskóla Íslands.